Hvert er ferðinni heitið?
Nokkrar hugleiðingar um trúmál í tilefni af grein um föstuna í 14. blaði Útvarpstíðinda, 6.árgang.

3 blöð.

13.

## Hvert er ferðinni heitið?

„Eins og þú vildir óskað þér
í andláts síðstu neyð
að lifað hefir, lifðu hér
í lukku og þrautum leið," o. s. frv.

Þannig kvað sama skáldið fyrir nál. 200 árum, og munu orð þessi jafnan verða talin til sígildra áminninga og leiðbeininga til vor mannanna um það, hverskonar lífi oss sé þörf á að lifa hér í heimi svo, að vel fari og oss geti vegnað vel, þ. e. að lifa þannig sem vér mundum hafa óskað oss á stundu hinnar „síðstu andlátsneyð", að vér hefðum lifað.

Skyldi nú nokkur sá, er gengið hefði æfi sína alla og kominn væri að leiðarlokum, óska sér þess, að hann hefði í orði eða verki nokkru sinni lagt stein í götu samferðamanns síns, einkum hins uppvaxandi æskulýðs með því að draga úr gildi trúar hans eða rýra það með léttúðarfullum og létt athuguðum staðhæfingum um það, að „fáir mundu harma það", þótt ein hin öruggasta stoð kristindómsins sé brotin niður og undan honum kippt með því að segja, að „endurlausnarkenningin sé ekki lengur tekin alvarlega", er þar átt við aðalgrundvöll kristinnar trúar, að menn séu leystir undan valdi syndarinnar, þeim sé opnað eilíft líf eftir dauðann og að þeir hafi fengið fulla trúarvissu fyrir því að annað líf og betra sé þeim ætlað.[1]

Orsök þess, að ég minnist á þetta nú, er greinarkorn nokkurt er birtist í Útvarpstíðindum 6. árg. 14. hefti; þar segir, það, sem ég hefi áður haldið fram, að „þeir tímar séu liðnir að fastan setji mikinn(?) svip á daglegt líf Íslendinga". Sennilega er þetta rétt ályktað og má sjá þess vott á ýmsu og m. a. í nefndri grein sem sögð er tekin „úr bréfi frá Á. J." en síðan er sagt, „og menn fáir harma það." Hvað veit nú greinarhöfundurinn um hugsanir annara manna og trúarskoðanir! Veit hann ekki, að margur með munni(?) verður að játa þetta: Víst er ég veikur að trúa, veistu það, Jesú, bezt, eins og trúarskáldið vort góða, Hallgrímur Pétursson segir, eða heldur höf. þessi, að hann (H. P.) hefði lagt sig svo

mjög eftir því, sem hann varð í, að kveða svo um
pínu og dauða með þeim hætti og í því lund sem hann
gjörði, ef honum hefði eigi þótt það neinu máli skifta fyrir
þjóð sína, að hún tæki einmitt „endurlausnarkenninguna
alvarlega".

Em segir í greinarkorni þessu: „Íslenzkir trúmenn eru frjálslyndir og
það eru mannúðarkenningar Kristindómsins, sem þeim er fagnaðar-
boðskapur". Væri þetta satt og rétt, þá væri það gott, en ég held
að höf. hefði átt að segja, að það væri mannúðarkenningar nú-
tímans en ekki Kristindómsins, eða hefði það átt betur
við, því þær eru margar, m. a. laus og leikir, með [illegible]
[illegible], sem þeim virðist vera móti fagnaðarboðskapnum.
Fagnaðarboðskapur Kristindómsins hefir aldrei verið fólg-
inn í neinum þessum, heldur hinu, sem áður er að vikið og
sem trúarskáldið H. P., kvaðum svo kröftuglega um í kvæðum
sínum og sálmum, sem flestir kunna og þekkja.
Þótt gera megi ráð fyrir því, að fleipur það og fár en villa,
sem fram kemur í áminnstri grein verði eigi talin, „al-
varlega", þá eru tímar þeir, er nú standa yfir svo ótrygga
verðir og breytilegir, að „enginn veit hvar ósköpin geisa"
og að hún smjúgi inn í sál einhvers þess ungmennis,
sem játa mætti sem margir aðrir: „Víst er ég veikur að trúa"
og hefði þörf á, að verða þannig Kristnir, að þeir einmitt
öðrum efni því að vera í og minntir á pínu og dauða
frelsara síns, friðþægingu hans og endurlausn. Það er áreiðan-
lega engin fremd í því né Fordæmi til góðs, að fella þá stoð
undan Kristindómsbyggingunni, er hin góða og guðelsk-
andi móðir hvers óspillts ungmennis reyndi að reisa í huga
hans og hjarta, meðan hann var barn að aldri.

Og hvernig er nú komið fyrir börnum og unglingum þessa lands?
Bera lifnaðarhættir þeirra þess glögglegan vott, að þau hafi staðið
öll við kné móður sinnar og numið þar hin sáluhjálplegu sann-
indi trúarinnar: friðþægingu Krists og endurlausn hans.
Nýlega er almenningi birt skýrsla Barnaverndarnefndar
Reykjavíkur um störf hennar á umliðnu ári. Skyldi þeirra

höf. eða hans líkar geta tileinkað sér, að hafa átt eða
eiga þátt í því, að svo er komið fyrir fjölda barna hér í
bæ og víðar, sem komið er? Sé svo, geta menn þeir, er
ekki telja endurlausnarkenninguna alvarlega, tileinkað
sér „mannúðarkenningar" nú framar.